

Fundargerð 541

Fimmtudaginn 26. september 2024 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á skrifstofu Vestfjarðastofu, Suðurgötu 12, Ísafirði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Óli Halldórsson (ÓH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Oddný Árnadóttir (OÁ). Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Eliasson (AME) forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 1), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

- Aflamark Byggðastofnunar
 - Erindi frá umsækjendum í Grímsey - til afgreiðslu
 - Úthlutun á Bakkafjörð, beiðni um rökstuðning - til afgreiðslu
- Brothættar byggðir
 - Nýtt þátttökubýggðarlag - til afgreiðslu
 - Aukið fjármagn til verkefnisins - til afgreiðslu
- Lánamál
 - Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - Erindi til stjórnar - til afgreiðslu
- Uppfærsla verklagsreglna um útlánastarfsemi - til afgreiðslu
- Uppbygging atvinnuhúsnæðis - til umræðu
- Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
- Önnur mál
- Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

ÓH bauð Sigríði Kristjánsdóttur og Aðalstein Óskarsson velkomin sem kynntu starfsemi Vestfjarðastofu.

1. Aflamark Byggðastofnunar

a. Erindi frá umsækjendum í Grímsey - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur bréf frá öllum umsækjendum um aflamark Byggðastofnunar í Grímsey þar sem óskað er eftir áframhaldandi undanþágu á vinnsluskyldu í Grímsey í ljósi sérstakra landfræðilegra aðstæðna sem AME og RR kynntu. Í 7. gr. reglugerðar nr. 643/2016 um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda er kveðið á um vinnsluskyldu og er stofnuninni óheimilt að falla frá henni. Umsækjendum hefur verið tilkynnt að reglugerðavald sé í höndum matvælaráðherra.

Til máls tóku HÁ, ÓH, HKH og GHM.

Aflamarksnefnd mun fjalla um umsóknir um Aflamark Byggðastofnunar í Grímsey á næsta fundi nefndarinnar og gera tillögu til stjórnar um úthlutun á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016 að undangengnu samráði við Akureyrarbæ.

b. Úthlutun á Bakkafjörð, beiðni um rökstuðning - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur erindi frá Gunnlaugi K. Hreinssyni f.h. GPG Seafood ehf. þar sem krafist er rökstuðnings á ákvörðun stjórnar um að hafna umsókn félagsins um 300 þorskígildistonn af aflamarki Byggðastofnunar á Bakkafirði sem AME kynnti. Einnig liggur fyrir fundinum minnisblað starfsmanna Byggðastofnunar þar sem erindinu er svarað.

Til máls tóku KB, GHM, RR, HÁ og HKH.

Stjórn felur forstjóra að taka saman svar á grundvelli framlags minnisblaðs.

RR vék af fundi.

2. Brothættar Byggðir

a. Nýtt þátttökubýggðarlag - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstöðumanni þróunarsviðs auk Kristjáns Þ. Halldórssonar og Helgu Harðardóttur sérfræðinga á þróunarsviði sem SEP kynnti, um boð um samstarf við Reykhólahrepp í verkefninu Brothættar byggðir. Stofnuninni barst erindi frá Reykhólahrepp 16. september sl. þess efnis að óskað er eftir þátttöku í verkefninu. Við yfirferð mælikvarða Byggðastofnunar á stöðu byggðarlaga í september 2024 skoraði Reykhólahreppur hæst þeirra byggðarlaga, sem ekki eru þegar þátttakendur eða hafa áður tekið þátt í Brothættum byggðum með einhverjum hætti.

Lagt til að stjórn Byggðastofnunar veiti heimild til að ganga til samninga við Reykhólahrepp og Vestfjarðastofu um inngöngu í verkefnið Brothættar byggðir. Gert er ráð fyrir að boðað verði til íbúapings síðla árs 2024.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk SEP, AME, MH og HP.

Stjórn leggur til að í samningum við landshlutasamtök sveitarfélaga um verkefnið Brothættar byggðir, sé gert ráð fyrir að starfstöð verkefnisstjóra sé í viðkomandi byggðarlagi verkefnisins og að verkefnisstjóri verði virkur þátttakandi í samfélaginu.

Formaður gerði hlé á fundi kl. 10:35 til 10:46.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu að ganga til samninga við Reykhólahrepp og Vestfjarðastofu um inngöngu í verkefnið Brothættar byggðir og var hún samþykkt samhljóða.

b. Aukið fjármagn til verkefnisins - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstöðumanni þróunarsviðs auk Kristjáns Þ. Halldórssonar og Helgu Harðardóttur sérfræðinga á þróunarsviði sem SEP kynnti, um rekstur umfang og næstu skref í Brothættum byggðum með hliðsjón af aukafjárframlagi frá Byggðastofnun.

Eftirfarandi tillögur eru lagaðar fram í minnisblaðinu:

- Byggðastofnun leggi til 45 m.kr. viðbótarframlag inn í verkefni brothættra byggða á ársgrundvelli á árunum 2025-2027, samtals 135 m.kr., til viðbótar við þá fjármuni sem ráðstafað er til verkefnisins í gegnum byggðaáætlun (C.2).
- Grunnsamningar um verkefni Brothættra byggða verði lengdir um eitt ár og verði til fimm ára í stað fjögurra.

- Fyrir áramót 2024-2025 verði gengið til samninga við nýtt byggðarlag í Brothættum byggðum að undangengnum umræðum um stöðu byggðarlaga og forgangsröðun þeirra inn í verkefnið.
- Á fyrri hluta árs 2025 verði gengið til samninga við nýtt byggðarlag í Brothættum byggðum að undangengnum umræðum um stöðu byggðarlaga og forgangsröðun þeirra inn í verkefnið og/eða taka ákvörðun um framlengingu á verkefninu í núverandi þáttökubýggðarlögum ef sú staða kemur upp.
- Tveimur fyrrum þáttökubýggðarlögum brothættra byggða verði í upphafi árs 2025 boðið til samstarfs í nokkurs konar tilrauna-/átaksverkefni þar sem áhersla verður lögð á að stuðla að frumkvæði íbúa og efla samfélögin með því m.a. að bjóða fram styrki til frumkvæðisverkefna á Raufarhöfn og í Öxarfjarðarhéraði.

Til máls tóku KB, MaH, GHM og ÓH.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

3. Lánamál

a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 32/24 - 35/24 sem HP reifaði.

Til máls tók KB.

b. Erindi til stjórnar - til afgreiðslu

...

...

4. Uppfærsla verklagsreglna um útlánastarfsemi - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur tillaga að breytingum á verklagsreglum um útlánastarfsemi sem HP og AME kynntu.

Til máls tók KB.

Formaður bar upp tillögu um að samþykkja kynntar breytingar á verklagsreglum um útlánastarfsemi og var það samþykkt samhljóða.

5. Uppbygging atvinnuhúsnæðis - til umræðu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns fyrirtækjasviðs um uppbyggingu á atvinnuhúsnæði á landsbyggðunum til umræðu sem HP kynnti.

Til máls tóku KB, GHM, ÓH, HP og AME.

6. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar sem SEÞ kynnti.

Til máls tóku ÓH, HB og KB.

Rætt var um að kynna Sóknaráætlanir landshluta á næsta stjórnarfundum.

7. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 24. október nk. á Stöðvarfirði.
Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:57

Magnús Helgason, fundarritari.

Óli Halldórsson

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Oddný Árnadóttir